

# Ársfundur UT-kvenna, haldinn í Háskólanum í Reykjavík fimmtudaginn 26.apríl 2007 kl.17.

Áður en fundurinn byrjaði bauð Svava Grönfeldt rektor fundarkonur velkomnar í Háskólann í Reykjavík. Eftir það var gengið til dagskrár ársfundar.

1. Ásrún Matthíasdóttir tilnefndi Hólmsfríði Pálsdóttur fundarstjóra og Fjólu Þorvaldsdóttur fundarritara.
2. Ásrún formaður UT-kvenna kynnti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2006-2007. Stjórn félagsins hefur fundað reglulega. Lögð hefur verið áhersla á kynningarstarf. Útbúinn var bæklingur og nýlega var hann sendur heim til stúlkna á aldrinum 15 ára og 18 ára. Það er síðan ætlun stjórnar að honum verði fylgt eftir í fjölmiðlum og er það verkefni sem bíður nýrrar stjórnar. UT- konur voru hvattar til þess að sækja ráðstefnur og fræðslu sem haldin var á vegum Ský. Haldið var skemmtikvöld 16.nóvember og var það mjög vel heppnað. Í mars var svo haldinn morgunverðarfundur. Reynt hefur verið að velja skemmtileg og áhugaverð efni sem höfðu til breiðs hóps. Einnig hefur verið reynt að hafa virka vinnuhópa innan félagsins, en því miður hefur það ekki gengið allt of vel. Endurvakin hefur verið síðan [www.kvennaslodir.is](http://www.kvennaslodir.is) en Kvennaslóðir er gagnagrunnur um konur.
3. Kosning stjórnar  
Fyrst var kosið um formann félagsins og voru tvær konur í framboði, þær Auður Sigríður Kristinsdóttir og Þóra Halldórsdóttir. Þegar frambjóðendur höfðu kynnt sig og sín áhugasvið var gengið til kosninga. Niðurstaðan varð sú að Þóra Halldórsdóttir var kosin sem formaður til næstu tveggja ára. Ásrúnu voru færðar þakkir fyrir vel unnin störf sem formaður UT-kvenna síðustu ár.  
Þá var kosið í stjórn félagsins. Fjórar stjórnarkonur gengu úr stjórn og tvær gáfu kost á sér til áframhaldandi setu, þær Sigrún Þöll og Auður Sigríður. Nýjar í stjórn voru kosnar Hrönn Þormóðsdóttir, Anna Ingólfssdóttir, Jóna Pálsdóttir, Elín Granz og Þórunn Óskarsdóttir. Fráfarandi stjórnarkonum voru þökkuð góð störf í þágu félagsins, þær Hólmsfríður Pálsdóttir, María Guðnadóttir, Bergþóra Ketilsdóttir og Ásrún Matthíasdóttir.
4. Önnur mál.  
Rætt var um heimasíðu félagsins og nauðsyn þess að gera félagið sýnilegra. Heimasíðan er undirsíða heimasíðu Ský og allt of langar leiðir að henni. Rætt var um að áherslur félagsins þurfi að vera fjölbreyttari til þess að ná til stærri hóps kvenna. Konur vinna við upplýsingatækni á svo mörgum sviðum atvinnulífsins.

Ársfundu slitið kl.18.30. Á fundinn voru mættar fjórtán konur.  
Fundarritun Fjóla Þorvaldsdóttir

Eftir formlega dagskrá flutti Margrét Jónsdóttir erindi. Tungumálið er okkar helsta vinnutæki. Afar áhugavert efni og voru fundarkonur almennt ánægðar með hennar framlag.